

Kæru foreldrar, vinsamlegast kynnið ykkur eftirfarandi hluti

- Engar töskur eru leyfðar í leikskólanum. Vinsamlegast setjið föt barnanna í hólfið og takið töskurnar með heim.
- Vinsamlegast fylgið barninu inn á deild og kveðjið það þar.
- Mikilvægt að láta vita þegar barnið er sótt. Ef enginn af deild barnsins er sýnilegur, finnið einhvern annan starfsmann og kveðjið þar.
- Ekki er í boði að vera inni eftir veikindi. Ef barnið getur ekki tekið þátt í daglegu starfi leikskólans þá á það að vera heima.
- Láta deildarstjórann vita ef um breyttar fjölskylduaðstæður er að ræða, sem og ný netföng eða ný símanúmer.
- Tilkynna veikindi barnsins eða fjarveru þess fyrir kl. 9.00 í leikskólann. Klukkan 9.00 hefst skipulagt starf okkar og því gott að vita hvernig barnahópurinn stendur þann daginn.
- Við tökum ekki á móti börnum milli 11 og 12.30, þá er matur og hvíld og börn deildarinnar þurfa ró og næði meðan á því stendur.
- Fylgist vel með aukafataboxi barnsins þíns, Við eigum ekki mikið af aukafatnaði, því gætum við þurft að hringja ef barninu vantar föt. Það er ekki gott að þvælast um á samfellunni lengi.
- Þegar haldið er upp á afmæli barnanna, er í boði að koma með popp, saltstangir eða ávexti. Mikilvægt er þó að hafa í huga að þetta skólaárið eru börnin á yngri gangi mjög ung og því spurning hvort popp sé æskilegt.